

Ár 2014, þriðjudaginn 4. nóvember kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 09. að Hnjúkabyggð 33 Blönduósi.

**Mætt til fundar:** Adolf H. Berndsen, Valgarður Hilmarsson, Sigríður Svavarsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Bjarni Jónsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Adolf H. Berndsen formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Samning um sóknaráætlun 2015-2019 og úthlutunarreglur vegna styrkja úr uppbyggingarsjóði – drög til umsagnar.
2. Tilnefning tveggja fulltrúa í minjaráð.
3. Tilnefning í ráðgjafanefndir heilbrigðisumdæma.
4. Fundur Sveitarstjórnarvettvangs EFTA 24.-25. nóvember.
5. Starfsmannamál.
6. Staða framkvæmdastjóra.
7. Bréf og kynntar fundargerðir.
8. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Til umfjöllunar umsögn stjórnar SSNV um drög að samningi um sóknaráætlun 2015-2019 og úthlutunarreglur vegna styrkja úr uppbyggingarsjóði. Umsögnin samþykkt með áorðnum breytingum.
2. Stjórn samþykkir að tilnefna Gunnstein Björnsson formann atvinnu-menningar og kynningarnefndar Skagafjarðar og Guðnýju Hrund Karlsdóttur sveitarstjóra Húnaþings vestra, í minjaráð Norðurlands vestra.
3. Velferðarráðuneytið óskar í bréfi dags. 30. október eftir tilnefningum tveggja fulltrúa í ráðgjafanefnd fyrir Heilbrigðisumdæmi Norðurlands. Eyþing og SSNV skipta þeim með sér. Samþykkt að tilnefna fyrir hönd SSNV Valgarð Hilmarsson og Stefán Vagn Stefánsson til vara.
4. Landshlutasamtökin skiptast á að skipa 3 fulltrúa í sveitarstjórnarvettvang EFTA. Komið er að SSNV að sinna því verkefni og var samþykkt að formaður sæki næsta fund Sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem fram fer 24.-25. nóvember n.k.

5. Rætt um starfsmannamál hjá samtökunum. Símafundur með Lögmönnum Höfðabakka undir þessum lið. Framkvæmdastjóri fór ennfremur yfir starfið og helstu verkefni starfsfólks SSNV framundan. Fram kom að Ingibergur Guðmundsson hefur gegnt hlutverki verkefnisstjóra atvinnuþróunar frá 1. október síðastliðnum. Samþykkt var að framlengja tímabundna ráðningu Sólveigar Olgu Sigurðardóttur sem atvinnuráðgjafa á Sauðárkróki til 31. mars 2015.
6. Framkvæmdastjóri sat ekki fundinn undir þessum lið. Stjórn SSNV samþykkir að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra SSNV lausa til umsóknar 8. nóvember nk., umsóknarfrestur verði til 24. nóvember. Fyrirspurnum vegna umsókna um starfið verður beint til formanns stjórnar SSNV.
7. Bréf og kynntar fundargerðir.
  - a. Lagt fram til kynningar bréf frá fjármála, og efnahagsráðuneyti, dags. 2. október 2014 um tilnefningar til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnarsýslu 2015.
8. Önnur mál.
  - a. Framkvæmdastjóri greindi frá því að frá því í október hafi verið unnið að því að skilja að Rætur bs, sem tekið hafa við málefnum fatlaðs fólks, og SSNV í bókhaldi samtakanna og jafnframt sé verið að ganga frá fleiri nauðsynlegum þáttum í aðgreiningu á milli SSNV og hins nýja félags. Utanumhald gagna og gagnahýsing vegna málaflokksins hefur þegar verið flutt frá SSNV. Formaður SSNV og framkvæmdastjóri áttu fund með formanni stjórnar Róta og verkefnisstjóra um þá vinnu og stöðu málaflokksins.
  - b. Rætt um námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum sem Samband sveitarfélaga bíður upp á. Námskeiðið verður haldið á NV þegar og ef næg þátttaka fæst.
  - c. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu vaxtarsamnings og greindi frá því að úthlutunarnefnd vaxtarsamnings hefði lokið umfjöllun um umsóknir um styrki sem auglýstir voru fyrir í haust. Alls bárust 22 umsóknir. Á fundi úthlutunarnefndar 1.nóvember voru samþykktar 14 umsóknarbeiðnir. Heildarupphæð til úthlutunar var 37.098.191 kr. Á næstu dögum verður gengið til samninga um þau verkefni sem samþykkt var að styrkja. Jafnframt samþykkti úthlutunarnefnd vaxtarsamnings að auglýsa aftur með umsóknarfresti til 28. nóvember næstkomandi. Umbætur hafa verið gerðar á umgjörð vaxtarsamninga NV er taka m.a mið af framkvæmd þeirra í öðrum landshlutum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 12:10